

Sp.

181. Nefndarálit

[1. mál]

um frv. til fjárlaga árið 1972.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar.

Eins og venja hefur verið undanfarin ár, ber fjvn. sameiginlega fram margar breytingartillögur. Aðild að þeim byggist á þeirri venju í fjvn., að formaður leggur til, að nefndin fallist á flutning þeirra. Þetta gildir um afgreiðslu tillagna eða erinda, hvort sem um hækkun eða lækkun er að ræða. Einstakir nefndarmenn geta þó haft

áhrif á stærð talna við þessa afgreiðslu. Aðild að meirihlutatillögum bindur því engan veginn minni hluta um flutning eða stuðning annarra tillagna.

Þær tillögur, sem þannig hafa verið afgreiddar nú á þessu þingi fram til dagsins í dag, hafa leitt af sér hækkun útgjalda á fjárlagafrv. um 763 800 000 kr.

Fjvn. kom fyrst saman til fundar 19. okt. s. l. og hefur haldið 36 sameiginlega fundi. Auk þess hafa undirnefndir starfað, en enga aðild að slíku starfi hefur undirritaður átt. Frá þessum undirnefndum hafa komið ákveðnar tillögur, sem hafa síðan fengið afgreiðslu, eins og að framan greinir, á sameiginlegum fundi fjvn.

Á marga fundi hjá fjvn. komu forstöðumenn ríkisstofnana og gerðu grein fyrir fjármagnspörf viðkomandi stofnunar og stundum rekstri. Er þetta vinnufyrirkomulag og móttaka erinda harla úreltur háttur, sem hefur þó staðið lengi. Ríkisstofnanir verða að senda inn í viðkomandi ráðuneyti tillögur sínar til fjárveitinga með greinargerð. Þar er stundum fjallað um erindin, sem síðar eiga að ganga til fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar, er rannsakar málið sérstaklega og metur beiðnina. Ef eðlilega er unnið í sjálfu ráðuneytinu, þarf þetta ekki að vefjast vikum saman fyrir mönnum, heldur fara með jöfnum hraða áleiðis í gerð fjárlagafrv. og þar með inn í Alþingi.

Í athugasemdum með frv. segir á bls. 141: „Þegar ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar kom til valda um miðjan júlí s. l., höfðu flest ráðuneyti skilað fjárlaga- og hagsýslustofnuninni tillögum sínum vegna fjárlagagerðar fyrir árið 1972. Af eðlilegum ástæðum óskuðu hinir nýju ráðherrar eftir því að kynna sér tillögur ráðuneyta sinna og breyta þar um, eftir því sem nauðsyn bar til og mögulegt var að þeirra dómi. Af þessum ástæðum var tími til að vinna að gerð fjárlagafrumvarpsins skemmri heldur en áður mun hafa verið og æskilegt er. Þó tókst að vinna það verk svo tímanlega, að framkvæmanlegt er að leggja fjárlagafrumvarpið fyrir þegar í upphafi þings, svo sem venja hefur verið og vera á.“

Enda þótt útgjöld þessa fjárlagafrumvarps hækki verulega frá síðustu fjárlögum, skal það tekið fram, að mjög fast var haldið á því, að aukin útgjöld vegna útbenslu ættu sér ekki stað í ríkiskerfinu, nema þar sem brýna nauðsyn bar til að halda eðlilegri þjónustu og starfsháttum. Það leiddi til þess, að hafnað var mörgum tillögum ráðuneytanna, jafnvel þótt sumar þeirra ættu nokkurn rétt á sér.“

Nú hefur hæstvirt ríkisstjórn setið í næstum 5 mánuði, og varla verður lengur unnt að bera fyrir sig sífellt tímaleysi um tillögugerð og afgreiðslu mála. En það er staðreynd, að nú við 2. umræðu fjárlaga vantar mjög veigamiklar upplýsingar um stóra og mikilvæga málaflokka, svo sem um almannatryggingarnar, niðurgreiðslu vöruverðs, vinnulaunahækkun, afkomu ríkissjóðs 1971, stöðu ríkissjóðs við Seðlabankann og greinargerð um framkvæmda- og fjáröflunaráætlun fyrir árið 1972. Eins og ljóst má vera af þessu, er augljóst, að hér eru einstæð vinnubrögð við afgreiðslu fjárlaga, og munu þess engin dæmi, að slíkt hafi viðgengizt áður. Margrætt og boðað er, að skattafrv. muni koma fram, sem eigi að vera grundvöllur að nýju skattakerfi, gjörbreyttu frá því, sem verið hefur um árabil. Við í stjórnarandstöðunni höfum ekki minnstu hugmynd um þennan þátt og hvað ríkisstjórnin hyggst fyrir í tekjuöflun á árinu 1972. Það eitt er ljóst, að nauðsynlegt verður að tryggja með einhverju móti stórauknar tekjur, og má vænta þess, að sú upphæð þurfi að vera um 2 milljarðar alls. Þessi staðreynd ber ljóst vitni um þá óðaverðbólgu, sem fram undan er. Með hækkun á víni og tóbaki, sem kemur af fullum krafti beint inn í vísitöluna, mun verðbólgan m. a. fá aukinn byr. Þetta eina dæmi nægir til þess að sýna, hversu stjórnlaust verðlagið verður á næstu mánuðum. Í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar segir þó: „Hún mun leitast við að tryggja, að hækkun verðlags hér á landi verði ekki meiri en í helztu nágranna- og viðskiptalöndum. Í því skyni mun hún beita aðgerðum í peninga- og fjárfestingarmálum og ströngu verðlagseftirliti.“ Þrátt fyrir þessi ákvæði í samningnum góða, hefur það kvisazt út, að verðlag muni stórhækka og viðskiptaráðherra hafi gengið að ýmsum hækkunum vegna samninganna. Ekkert bólar á endurskipulagningu í verðlagseftirlitinu né sérstökum ráðstöfunum

til hemlunar á verðlagi, ef frá er talið 200 millj. kr. sparibréfalánið, sem „rann út“ eins og heitar lummur á hálfum fyrsta söludeginum. Þessi verðlagsþróun mun fyrr eða síðar leiða af sér öngþveiti hér á landi í atvinnumálum, og mörg fyrirtæki munu fljótlega eiga fullt í fangi að verjast áföllum og rekstrarstöðvun. Framkvæmdastofnun ríkisins mun ekki vega upp á móti þessum áföllum, þegar þau skella yfir.

Við öll hugsanleg tækifæri á Alþingi og utan þess var fyrrverandi ríkisstjórn Alþýðuflokksins og Sjálfstæðisflokksins ásökuð um aulahátt í verðlagsmálum og linleskju við verðbólguna. Þetta undirstrikuðu núverandi fjármálaráðherra Halldór E. Sigurðsson og núverandi formaður fjárveitinganefndar Geir Gunnarsson með svofelldum orðum í nefndaráliti sínu við 2. umræðu fjárlaga, dags. 7. des. 1970: „Verðbólgan gleypir hvern milljarðinn eftir annan í sína óseðjandi hit. Áhrifa hennar gætir alls staðar. Allar áætlanir verða haldlitlar vegna áhrifa hennar.“ Og síðar: „Fjárlagafrv. fyrir árið 1971 er undirlagt af áhrifum verðbólgunnar eins og sjúklingur af skæðum sjúkdómi.“

Þetta eru harðar ásakanir. En hvernig stendur núverandi ríkisstjórn að gerð fjárlaga? Það er skemmst af að segja, að þau vinnubrögð eru óverjandi með öllu og sýna vitavert ábyrgðarleysi eða þá opinberun á innbyrðis átökum milli stjórnarflokkanna um fjárlögin og stefnuna í skattamálunum. Enginn tími mun vera til þess að koma nýjum skattalögum í gegnum þingið fyrir jólin. Við verðum að fjalla um fjárlagafrv. að langmestu leyti án þess að vita, með hvaða hætti tekjustofnarnir verða á árinu 1972. Hér er hreinlega treyst á eins gott árferði og hugsanlegt er og að innflutningur allur verði í hámarki, jafnframt því að útflutningur landsmanna gangi afburða vel og á háu verði. Ég tel, að Alþingi sé sýnd óvirðing með svona vinnubrögðum. Rétt er að taka fram, að fulltrúar ríkisstjórnarinnar í fjvn. hafa á allan hátt reynt að greiða úr þeim erfiðleikum við afgreiðslu mála í fjvn., sem stafa af þessari óvissu um tekjuöflunina.

Lokaafgreiðsla fjárlaga verður með einstæðum hætti, eins og áður er vikið að. Þingmenn munu aðeins sjá nýju skattafrv. og verða síðan að samþykkja fjárlögin, byggjandi á þeim „anda“, sem í frv. felst. Þessi „andatráur“-stefna er óviðunandi og getur ekki skapað jafnvægi og traust meðal þjóðarinnar. Öllum á að vera ljóst, að skattamálin eru erfið viðfangs og tekjuöflun ríkisins snertir svo að segja hverja fjölskyldu í landinu. Því þarf að vanda vel til þeirra verka, ella verður álagið ósanngjarn og kemur afar misjafnt niður. Ríkisstjórnin hefur langt mál um þetta í málfnasamningi sínum, og verður fróðlegt að sjá, hvernig til tekst.

Nátengd skattalagabreytingum er ákvörðun tryggingabóta. Nú voru miklar umbætur á lögum um almannatryggingar samþykktar á síðasta Alþingi, í vor. Gildistöku þessara laga var flýtt um 5 mánuði, og reyndist það vel unnt vegna góðs viðskilnaðar hjá fyrrverandi ríkisstjórn. Nú eru boðaðar verulegar breytingar á bótum almannatrygginga, en þær eru ekki kunnar utan stjórnarliðsins enn þá. Þetta er einn vottur þess, hversu allt er aftarlega á merinni í þeim herbúðum. Allir flokkar á Alþingi hafa marglýst yfir vilja sínum til eflingar þessum málaflokkum, og um það ætti að nást góð samstaða.

Ekkert liggur fyrir um, hvað ríkisstjórnin hugsar sér í niðurgreiðslum á innlendum vörum, einkum landbúnaðarvörum, á árinu 1972. Þetta skiptir þó afar miklu máli. Í frv. eru áætlaðar 1 635 400 000 kr. í niðurgreiðslur. Ef halda á verðlagi sæmilega í skefjum, verður að auka þessar greiðslur verulega, ella fer verðbólgan á fulla ferð. Það eitt er ákveðið að auka útflutningsuppbætur um 48 millj. kr., úr 275 millj. í 323 milljónir. Aðspurður sagði form. fjvn., að þetta byggðist á „mati“ um útflutning, en ekki var það mat nánar skýrt. Þetta virðist undarlegt, þegar margsinnis hefur verið sagt frá því, að bændur hafi sett nú á meiri bústofn en oftast áður vegna góðs árferðis. Hvað mundi ske, ef árferðið væri undir meðaltali? Óhjákvæmilegt er að taka þessi útflutningsmál á vissum landbúnaðarafurðum til gagngerðrar endurskoðunar og upplýsa fyrir alþjóð, með hvaða hætti er unnt að verja greiðslum til

bænda á heppilegri hátt en hér á sér stað. Við erum með þessu móti að framleiða ódýrar neyzluvörur fyrir útlendinga, á sama tíma og margir framleiðendur hér heima í bændastétt hafa mjög rýra afkomu. Þetta kerfi ber dauðann í sér, og má ekki halda áfram við svo búíð. Það er öllum fyrir beztu.

Ég tel ekki ástæðu til að taka hér fyrir vissa málaflokka, sem fjvn. hefur tekið til meðferðar og afgreitt. Það mun koma fram í álitni meiri hl. nefndarinnar. Nú eins og alltaf áður hafa háar umsóknir legið fyrir í krónutölum, sem óhjákvæmilegt hefur reynzt að skera niður. Engu að síður hefur nefndin hækkað útgjöld á þessu stigi um 763 millj., og enn mun veruleg hækkun vera óhjákvæmileg. Þessum útgjöldum er þegar ráðstafað á vissa liði og verða ekki hreyfð þaðan. Ekki liggur fyrir neitt um, hvað ríkissjóður verður að taka á sig í nýjum útgjöldum vegna beinna launahækkana á komandi ári. Ef til vill verður ekki unnt að áætla það nærri strax. Hitt er augljóst, að hér verður um hundruð milljóna að ræða, sem munu koma mjög misjafnt niður á hin einstöku ráðuneyti og ríkisstofnanir. Auk þessu eru sterk rök fyrir auknu starfsliði hjá mörgum stofnunum, sem fyrr eða síðar verður að samþykkja, t. d. hjá sjúkrahúsunum í heild. Aukinn fjöldi nemenda mun kalla fram verulega aukningu á kennaraliði. Og síðast, en ekki sízt mun vinnutímastyttingin kalla á aukið starfslið eða mikla yfirvinnu. Vegna alls þessa eru stóraukin útgjöld auðsæ.

Mjög hefur verið rætt um aukinn sparnað og aukna hagræðingu í ríkiskerfinu. Nokkuð er unnið að þessu, en hér miðar hægt. Ekki hef ég séð neitt raunhæft enn þá til úrbóta, en hér er um geysimikilvægt atriði að ræða, sem taka verður föstum tókum. Ríkissjóður er langstærsti atvinnurekandinn í landinu, og þar verður að gæta aðhalds og skipulags, svo að ekki fari stórfé í súginn. Nokkrar endurbætur hafa þó verið gerðar, sem þakka ber, svo sem í rekstri bíla á vegum ríkissjóðs. En betur má, ef duga skal.

Í nefndarálitni minni hl. fjvn., dags. 7. des. 1970, sem þeir undirrita Geir Gunnarsson, Ingvar Gíslason og Ágúst Þorvaldsson, en allir þessir menn eru nú í fjárveitinganefnd og bera ábyrgð á stjórnarstefnunni, segir í lokaorðum, að þjóðin verði að heita sér í baráttunni gegn verðbólgunni með allri orku sinni og sigra, ella er efnahag hennar stefnt í voða. Þetta er rétt. En þessi orð gilda einnig í dag, eins og fyrir síðustu kosningar. Afgreiðsla fjárlaga, sem auka ríkisútgjöld um meira en þriðjung á milli ára, mun valda hér óðaverðbólgu, eins og nú er ástatt um þenslu og spennu í verðlags- og launánálum. Óverjandi er með öllu að hafa fjárlögin með halla við slíkar kringumstæður. Svo mikið álag er nú sett á ríkissjóð, að skattþving virðist vera í aðsigi fyrir allan almenning. Lofað hefur verið stórfamlögum til vissra þátta atvinnulífsins, án þess að áður færi fram gagnger athugun á arðsemi vinnslunnar. Hjá þjóð, sem hefur úr takmörkuðu fjármagni að spila, verður að fara saman sjónarmið atvinnuþátta og arðsemi. Við verðum að minnast þess, að um 4500 sjómenn draga afla landsmanna að landi, og takmarkað er, hvað unnt er að leggja á herðar þeirra. Frumframleiðslan til lands og sjávar verður að hafa viðunandi kjör. Það mun verða þjóðinni farsælast, þegar til lengdar lætur.

Alþingi, 12. des. 1971.

Jón Árm. Héðinsson.